



REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT Í HOLUKEPPNI Í UNGLINGAFLOKKUM

1. kafli

1. gr.

GSÍ gengst árlega fyrir Íslandsmóti í holukeppni í unglingsflokkum.

2. gr.

Stjórn GSÍ skal auglýsa mótið og hafa yfirumsjón með framkvæmd þess. Stjórn GSÍ skal skipa menn í mótsstjórn í samráði við viðkomandi klúbb a.m.k. einum mánuði fyrir mótið. Stjórn GSÍ skal skipa a.m.k. einn dómara á hvern keppnisvöll. Viðkomandi klúbbur skal leggja dómurum og mótsstjórn til golfbíla, talstöðvar eða önnur fjarskiptatæki og sjá um kostnað vegna mótsstjórnar og dómara. Skipaður dómari þarf að hafa landsdómararéttindi.

3. gr.

Stjórn GSÍ ákveður þátttökugjöld og sér sá klúbbur um innheimtu sem heldur mótið á hverjum tíma. Þátttökugjald rennur til þess klúbbs er heldur mótið.

GSÍ á allan rétt gagnvart ljósvakamiðlun frá Íslandsmóti. Sá klúbbur sem heldur mótið á hverjum tíma skal útvega fjölmiðlum viðeigandi aðstöðu í klúbbhúsi. Stjórn GSÍ hefur rétt til að kynna samstarfsaðila sína á þeim golfvöllum sem Íslandsmót fer fram, í formi skilta, með fánum eða öðrum þeim hætti sem stjórn GSÍ ákveður. Þá skal merki GSÍ ávallt koma fram á öllu því efni sem útgefið er í sambandi við Íslandsmót og jafnframt vörumerki þeirra aðila sem eru samstarfsaðilar GSÍ að mótinu.

4. gr.

Þátttakendur skulu tilkynna um þátttöku til þess klúbbs sem mótið heldur a.m.k. 3 dögum fyrir fyrsta mótsdag (t.d. í síðasta lagi kl. 23:59 á þriðjudegi ef mótið hefst á föstudegi). Mótsstjórn getur þó heimilað þátttöku, berist tilkynning síðar enda hafi hámarksfjöldi þátttakenda ekki verið náð.

5. gr.

Almennir keppnisskilmálar og almennar staðarreglur, sem stjórn GSÍ setur, skulu gilda í mótinu. Mótsstjórn getur þó auglýst viðbætur og frávik ef þörf krefur. Jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar og holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótsstjórn ákveðið að fresta umferð eða umferðum vegna veðurs. Staðarreglur og keppnisskilmálar skulu vera fyrir hendi þegar á fyrsta æfingadegi.



Öll notkun tóbaks, þ.m.t. munntóbaks er bönnuð í klúbbhúsum og á keppnisvelli.

6. gr.

Þátttökugjöld skulu greidd við skráningu. Þátttökugjald fæst einungis endurgreitt séu forföll boðuð eigi síðar en kl. 18:00, þremur dögum fyrir fyrsta keppnisdag.

2. kafli

7 gr.

Keppt skal í eftirtöldum flokkum . Aldur miðast við almanaksár.

Stelpnaflokkur 14 ára og yngri

Telpnaflokkur 15-16 ára

Stúlknaflokkur 17-18 ára

Stúlknaflokkur 19-21 ára

Strákaflokkur 14 ára og yngri

Drengjaflokkur 15-16 ára

Piltaflokkur 17-18 ára

Piltaflokkur 19-21 ára

Þátttökurétt öðlast erlendir kylfingar ekki fyrr en eftir a.m.k. þriggja ára samfellda búsetu hérlandis. Mótsstjórn er heimilt að takmarka rétt til þátttöku við forgjöf. Ákvörðun um hámarksforgjöf og teiga skal kynnt í keppnisáskilum. Einnig er mótsstjórn heimilt að sameina flokka ef þátttakendur í flokki eru færri en 4.

Óheimilt er að hafa fleiri en þrjá í hverjum ráshóp.

8. gr.

Skylt er að keppnisvöllur sé opinn til æfinga fyrir skráða keppendur í minnst 2 daga fyrir mót. Heimilt er mótsstjórn að takmarka æfingu við eina umferð og skipuleggja rástíma ef með þarf.

9. gr.



Höggleikur:

Á fyrsta degi skal leika 18 holu forkeppni í höggleik. Úr forkeppninni fara áfram þeir 16 keppendur í hverjum flokki sem hafa lægst skor. Röðun í sæti skal fara eftir skori, sá sem hefur lægst skor fær nr. 1 í holukeppninni, næstlægsta skor nr. 2 og svo framvegis. Ef keppendur eru jafnir eftir forkeppnina ákvarðast röð þeirra eftir síðustu 9 holur, ef enn er jafnt þá skal varpa hlutkesti um röð.

Holukeppni:

Á öðrum degi skal leika fyrst 16 manna holukeppni og síðan 8 manna holukeppni þeirra sem áfram komast.

Á þriðja degi skal leika 4 manna holukeppni þeirra sem áfram komast og síðan skal leikið til úrslita, bæði um 3. sætið og um 1. sætið.

Allir leikir í holukeppninni skulu vera 18 holur.

10 gr.

Mótsstjórn ákveður rástíma og leikröð keppenda og skal hún kynnt ekki síðar en á fyrsta æfingadegi.

Röðun keppenda í leiki og á rástíma fer eftir þeim almennu reglum sem fram koma í viðauka I, keppnisskilmálar í Golfreglunum.

11. gr.

Sigurvegargar hljóta titlana Íslandsmeistarar í viðkomandi flokki í holukeppni.

12. gr.

Að öðru leyti gilda móta- og keppendareglur GSÍ.

13. gr.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum 12. apríl 2017.